

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:
Allar olíubirgðastöðvar sem eru starfandi við gildistöku reglugerðar þessarar skulu hafa gilt starfsleyfi eigi síðar en 31. desember 2005.

2. gr.

Við fylgiskjal 1 bætist nýr töluliður 24. tl. sem orðist svo:

- | | | |
|--------|---|---|
| 24. a. | Olíubirgðastöðvar fyrir olíur og/eða bensín með gegnumstreymi
bensíns > 5.000 tonn á ári | 2 |
| b. | Olíubirgðastöðvar fyrir olíur og/eða bensín með gegnumstreymi
bensíns minna en 5.000 tonn á ári. | 3 |

24. tl. verður 25. tl.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 28. janúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.